

Samþykkt um skiptingu Reykjavíkurborgar í hverfi

1. gr.

Reykjavíkurborg skal skipt í 10 hverfi og skulu starfa hverfisráð í hverju þeirra sbr. samþykkt borgarstjórnar 21. febrúar 2002, með síðari breytingum.

2. gr.

Hverfin afmarkist með eftirfarandi hætti sbr. uppdrætti dags. 16. júní 2003.

Til skýringar.

Hverfi 1 – Hverfisráð Vesturbæjar

Gamli Vesturbærinn, Bráðræðisholt, Grandar, Hagar, Melar, Skjól, Grímstaðaholt, Skildinganes og Litli Skerjaffjörður.

Í austur markast hverfið af línu sem er dregin um eftirtaldar götur og skal miðað við miðju þeirra: Suðurbugt (austurendi), Geirsgötu, Norðurstíg, Vesturgötu, Garðastræti, Túngötu, Suðurgötu, Sturlugötu, Oddagötu, Eggertsgötu, Njarðargötu, beinni línu að horni Einarsness/Skeljaness, Skeljanes og þaðan í sjó.

Hverfi 2 – Hverfisráð Miðborgar

Kvos, Grjótaþorp, Skólavörðuholt, Þingholt, Skuggahverfi og Vatnsmýri.

Í suður og vestur markast hverfið af línu sem er dregin um eftirtaldar götur og skal miðað við miðju þeirra: Suðurbugt (austurendi), Geirsgötu, Norðurstíg, Vesturgötu, Garðastræti, Túngötu, Suðurgötu, Sturlugötu, Oddagötu, Eggertsgötu, Njarðargötu, beinni línu að horni Einarsness/Skeljaness, Skeljanes og þaðan í sjó. Í austur markast hverfið af línu sem er dregin um eftirtaldar götur og skal miðað við miðju þeirra: Snorrabraut, gamla Flugvallarveg og Hlíðarfót.

Hverfi 3 – Hverfisráð Hlíða

Norðurmýri, Hlíðar, Hlemmur, Holt, Suðurhlíðar, Öskjuhlíð og Nauthólsvík.

Í vestur markast hverfið af línu sem er dregin um eftirtaldar götur og skal miðað við miðju þeirra: Snorrabraut, gamla Flugvallarveg og Hlíðarfót. Í austur markast hverfið af línu sem er dregin um eftir miðri Kringlumýrarbraut. Í norður markast hverfið af línu sem er dregin um eftirtaldar götur og skal miðað við miðju þeirra: Hverfisgötu og Laugaveg.

Hverfi 4 – Hverfisráð Laugardals

Tún, Teigar, Lækir, Laugarnes, Sund, Heimar, Langholt, Vogar, Skeifan og Fen.

Í vestur markast hverfið af línu sem er dregin um eftir miðri Snorrabraut. Í austur markast hverfið af Elliðaáam, syðri kvísl. Í suður markast hverfið af línu sem er dregin um eftirtaldar götur og skal miðað við miðju þeirra: Hverfisgötu, Laugaveg, Suðurlandsbraut, Grensásveg og Miklubraut. Í norður markast hverfið af sjó.

Hverfi 5 – Hverfisráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

Háaleiti, Múlar, Kringlan, Bústaðir, Fossvogur, Smáibúðahverfi og Blesugróf.

Í vestur markast hverfið af línu sem dregin er eftir miðri Kringlumýrarbraut. Í austur markast hverfið af Reykjanesbraut. Í norður markast hverfið af línu sem er dregin um eftirtaldar götur og skal miðað við miðju þeirra: Suðurlands-braut, Grensásveg og Miklubraut. Í suður markast hverfið af sveitarfélaga-mörkum Kópavogs.

Hverfi 6 – Hverfisráð Breiðholts

Hólar, Fell, Berg, Sel, Skógar, Bakkar, Stekkir og Mjódd.

Í vestur markast hverfið af Reykjanesbraut. Í norður og austur markast hverfið af Elliðaám, syðri kvísl. Í suður markast hverfið af sveitarfélagamörkum Kópavogs.

Hverfi 7 – Hverfisráð Árbæjar

Selás, Árbær, Ártúnsholt, Bæjarháls, Norðlingaholt.

Hverfið markast af Vesturlandsvegi, Suðurlandsvegi, Elliðavatni, Elliðaám, syðri kvísl og Reykjanesbraut.

Hverfi 8 - Hverfisráð Grafarvogs

Hamrar, Foldir, Hús, Rimar, Borgir, Víkur, Engi, Spöng, Staðir, Höfðar, Bryggjuhverfi, Geirsnef, Gufunes og Geldinganes.

Hverfið markast af Elliðaám, syðri kvísl, Vesturlandsvegi, sveitarfélagmörkum að Mosfellsbæ og sjó.

Hverfi 9 – Hverfisráð Kjalarness

Kjalarnes og Álfsnes.

Hverfi 10 – Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Grafarholt og Úlfarsárdalur.

Hverfið markast af Suðurlandsvegi, Vesturlandsvegi að sveitarfélagamörkum Mosfellsbæjar og Kópavogs að Suðurlandsvegi.

3. gr.

Samþykkt þessi er staðfest af borgarráði þann 16. júní 2003 og tekur gildi sama dag.

Þar með falla úr gildi samþykkt fyrir hverfaskiptingu samþykkt á fundi borgarstjórnar 2. október 2001 og samþykkt fyrir hverfisráð samþykkt á fundi borgarstjórnar 21. febrúar 2002.

Samþykkt á fundi borgarráðs 16. júní 2003, með breytingum samþykktum í borgarráði 21. september 2006 og í borgarstjórn 3. nóvember 2009.